

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hörðuvalla/Reykaldsreits fyrir Ljósatröð 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. október 2025 breyting á deiliskipulagi Hörðuvalla/Reykaldsreits fyrir veitulóð að Ljósatröð 6. Breytingin felst í: breytingu á lögun lóðar og minnkun hennar, gert er ráð fyrir einnar hæðar húsi allt að 100 m² að stærð, hámarkshæð hússins verði 4 m. Kvöð um aðkomu er í gegnum lóðina nr. 2 við Ljósatröð. Húsið er ætlað undir ýmsan búnað hitaveitu ekki einungis dælu.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 2. áfanga, fyrir Gauksás 25.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. október 2025 breyting á deiliskipulagi Áslands, 2. áfanga fyrir Gauksás 25. Breytingin felst í stækkun lóðar með tilfærslu á lóðarmörkum. Stækkunin er til suðurs. Lóðin stækkar um u.þ.b. 70 m².

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. október 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 1-3. Í breytingunni felst að lóðirnar Straumhella 1 og 3 eru sameinaðar í eina og gerður er nýr sameinaður byggingarreitur.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. október 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.